

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 494/2014****2017/EES/17/03****frá 13. maí 2014****um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar
innflutningsskilyrði og skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 97/78/EB er mælt fyrir um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Í 1. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að taka saman skrá yfir plöntuafurðir sem eiga að sæta heilbrigðiseftirliti dýralæknis við landamæri og skrá yfir þau þriðju lönd sem mega flytja þessar plöntuafurðir til Sambandsins.
- 3) Í samræmi við það eru hey og hálmur skráð í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁾ sem plöntuafurðir sem falla undir heilbrigðiseftirlit dýralæknis við landamæri en í I. hluta V. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir lönd þaðan sem aðildarríkjum er heimilt að flytja inn hey og hálm.
- 4) Úkraína hefur nýlega óskað eftir leyfi til flytja hálmkögglum út til Sambandsins og hefur óskað eftir að verða fært í skrána í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004.
- 5) Hvíta-Rússland er nú þegar skráð í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 og er heimilt að flytja hvers kyns hey og hálm inn til Sambandsins. Sum aðildarríki hafa hins vegar lýst áhyggjum í tengslum við breytt dýraheilbrigðisástand í Hvíta-Rússlandi með vísan til uppkomu afríkusvínapestar. Þau óttast að útflutningur á óunnu heyi og hálm frá þessu þriðja landi geti stefnt dýraheilbrigðisástandi í Sambandinu í mikla hættu. Því hefur verið óskað eftir innleiðingu varúðarráðstafana með samþykkt strangari innflutningsskilyrða fyrir hey og hálm frá Hvíta-Rússlandi.
- 6) Greining sýnir að ástand dýraheilbrigðis í Hvíta-Rússlandi og Úkraínu skapar ekki áhættu á útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma í Sambandinu ef einungis er veitt leyfi fyrir innflutningi á hálmkögglum, sem eru ætlaðir til brennslu, að því tilskildu að þeir séu afhentir beint frá samþykktari skoðunarstöð á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvarinnar þar sem þeir verða brenndir. Til að tryggja að slíkar sendingar skapi ekki áhættu fyrir dýraheilbrigði ef þær fara annað en á fyrirhugaðan ákvörðunarstað þarf að flytja þær samkvæmt umflutningstollareglum, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ⁽³⁾, og vakta þær í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (TRACES-kerfinu) til samræmis við það frá viðurkenndu skoðunarstöðinni á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvarinnar.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 136/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollalög Bandalagsins (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND SEM UM GETUR Í 9. GR.

ISO-kóði	Land
AU	Ástralía
BY	Hvíta-Rússland ⁽¹⁾
CA	Kanada
CH	Sviss
CL	Síle
GL	Grænland
IS	Ísland
NZ	Nýja-Sjáland
RS	Serbía ⁽²⁾
UA	Úkraína ⁽¹⁾
US	Bandaríkin
ZA	Suður-Afríka (að undanskildum þeim hluta gin- og klaufaveikivarnasvæðisins sem er í dýralæknaumdæmi Norður- og Austur-Transvaal, í Ingwavuma-héraði í Natal-dýralæknaumdæminu og á svæðinu við landamærin að Botswana, austan 28. lengdargráðu)

(¹) Eingöngu hálmkögglar sem ætlaðir eru til brennslu sem eru afhentir beint samkvæmt umflutningstollareglum eins og kveðið er á um í b-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1) með vöktun í TRACES-kerfinu frá samþykkttri skoðunarstöð á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvar í Sambandinu þar sem þeir verða brenndir.

(²) Eins og um getur í 135. gr. stöðugleika- og samstarfssamningsins milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Lýðveldisins Serbíu hins vegar (Stjtið. ESB L 278, 18.10.2013, bls. 16).“